

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Sandgerðis.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 8. febrúar 1974 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Sandgerðis í Miðneshreppi, Gullbringusýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Miðneshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

4. febrúar 1974.

Nr. 70.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag vatnasvæðis Miðdalsár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Miðdalsár.

Heimili þess og varnarþing er í Kirkjubólshreppi, Strandasýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Miðdalsá, en þær eru Kirkjuból I, Kirkjuból II, Klúka, Geststaðir, Tindur, Miðdalsgröf og Heiðarbær.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.